

Alþingi
Erindi nr. P 136/1460
komudagur 24.3.2009

Nefndasvið Alþingis
b.t. iðnaðarnefndar
Austurstræti 8-10
Nefndasvið Alþingis
150 Reykjavík

Reykjavík, 24. mars 2009

Þskj. 676 — 398. mál.

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á raforkulögum, nr. 65/2003, með síðari breytingum.


Við yfirferð á nýjum þingskjölum á vef Alþingis hefur komið í ljós frumvarp til laga um breytingu á raforkulögum, nr. 65/2003, með síðari breytingum.

Orkusalan ehf. er dótturfyrirtæki RARIK ohf. og er tilgangur þess meðal annars að annast framleiðslu og sölu á raforku. Með breytingum á raforkulögum í janúar 2005 var sala á raforku gefin frjáls, gagnert í þeim tilgangi að innleiða samkeppni í raforkusölu. Orkusalan ehf. starfar einungis á samkeppnismarkaði og er með næst mestu markaðshlutdeild í raforkusölu á almennum markaði á eftir Orkuveitu Reykjavíkur, auk þess að reka nokkrar virkjanir víða um land. Þær breytingar sem gerðar voru á raforkulögum er varða fyrirtækjaaðskilnað milli einkaleyfis- og samkeppnisstarfsemi var ætlað að stuðla að virkari samkeppni á raforkumarkaði. Sú breyting var fagnaðarefni, m.a. fyrir Orkusöluna ehf.

Það frumvarp sem nú liggur fyrir Alþingi um frestun á 14. gr. raforkulaga um 6 mánuði veikir og getur haft skaðleg áhrif á samkeppnisstöðu Orkusölnnar ehf. Orkusalan ehf. hefur í nokkurn tíma haft áhyggjur af því sem gæti talist til óeðlilegrar samtvinnunar á einkaleyfisstarfsemi annars vegar og samkeppnisstarfsemi hins vegar. Með 14. gr. raforkulaganna var ætlunin að koma í veg fyrir slíka samtvinnun og tryggja með því skilvirkari samkeppni á raforkumarkaði.

Þá gagnrýnir Orkusalan ehf. þau vinnubrögð sem nú eru viðhöfð við breytingu á raforkulögum. Það að ekki sé leitað álits hjá hagsmunaaðilum eins og Orkusölnni ehf. um frumvarpið verður að teljast sérkennilegt. Átelur Orkusalan ehf. þessi vinnubrögð.

Fyrir hönd Orkusölnnar ehf.



Magnús Kristjánsson
Framkvæmdastjóri